

Leiðbeiningar um hverju skal huga að fyrir og eftir aðgerðir Í staðdeygingu (án aðkomu svæfingalæknis)

Fyrir aðgerð

- Í samtali við lækni þarf að nefna öll lyf sem viðkomandi tekur. Í samráði við lækni er svo ákveðið hvort og/eða hvenær þurfi að hætta inntöku á ákveðnum lyfjum.
- Önnur lyf má taka eins og venjulega, líka aðgerðardag.
- Þegar um skurðaðgerð á hendi er að ræða skal fjarlægja hringa af aðgerðarhendi 2 dögum fyrir aðgerð. Eyddu naglalakki af fingrum, fjarlægðu alla skartgrip og farðu í **sturtu** að morgni aðgerðardags.
- Ekki bera olíur eða krem á líkamann og ekki nota ilmvatn.
- Best er að koma í þægilegum fatnaði, sem auðvelt er að fara úr og í.
- Þú þarft **ekki að fasta**.
- Vertu með símann á þér fyrir aðgerðina því mögulega verður hringt í þig og aðgerðinni flýtt eða seinkað.
- Þegar þú mætir á skurðstofugang Orkuhússins hittir þú skurðlækninn, sem deyfir þig.
- Meðan þú bíður aðgerðar getur þú skoðað símann þinn eða hlustað á efni úr honum, hafir þú haft lítil heyrnartól með. Hvorki er leyft að tala í síma né taka myndir á skurðstofugangi.

Eftir aðgerð

- Eftir aðgerð á höndum gengur þú af skurðarborði og ferð beint heim. Eftir aðgerð á fótum jafnar þú þig í hliðarherbergi á skurðstofu Orkuhússins áður en þú ferð heim.
- Þér er ráðlagt að **aka ekki** bifreið samdægurs eftir aðgerð.
- Gott er að útlímurinn sé í **hástöðu** eins og kostur er fyrstu dagana eftir aðgerð til að minnka bólgu.
- Einhver óþægindi verða frá svæði aðgerðar fyrstu dagana eða vikunnar. Oftast dugar að taka verkjalyfið Panodil og bólgueyðandi lyf eins og Ibufen. Lyfin fást án lyfseðils. Í öðrum tilfellum mun skurðlæknirinn ávísar sterkari lyfjum.
- Fara má í sturtu en hlífa þarf umbúðunum með plastpoka. Eftir smærri aðgerðir á höndum má þó skola sárið stuttlega með hreinu, rennandi vatni frá þriðja degi eftir aðgerð.
- Ef eitthvað óvænt ber að höndum, svo sem svæsnir verkir, mikil blæðing eða hækkaður líkamshiti, skaltu hafa samband við skurðlækninn.